



62. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 30. október, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum. Einnig mætti Rolf Árnason á fundinn vegna 1. liðar.

Dagskrá:

1. Sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs mætir á fundinn:
 - a. Þjónustumiðstöð í Brautarhvammi.
 - b. Viðgerðir á “gamla skóla” 2004.
2. Atvinnumál.
 - a. Bréf frá Ísgel ehf.
 - b. Fundur á Hólum – minnsblað frá bæjarstjóra.
3. Vinnuhópur um uppbyggingu fjarnáms.
4. Erindi frá skólastjóra grunnskólans vegna leigu- og þjónustugjalda.
5. Erindi frá formanni sóknarnefndar Blönduósskirkju.
6. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2003.
7. Fundargerð fundar um skíðasvæðið í Tindastóli.
8. Fundargerð skólanefndar Fjölbrautarskóla NV.
9. Fundargerð Héraðsráðs A-Hún frá 13. október 2003.
10. Beiðni um afskrift vegna dánarbús.
11. Umsögn vegna leyfis um til sölu gistingar og/eða veitinga.
12. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs, Rolf Árnason mætti á fundinn til að fjalla um ýmis mál sem eru í vinnslu hjá honum:
 - a. Þjónustumiðstöð í Brautarhvammi.

Rolf lagði fram loftmynd af Brautarhvammsvæðinu með tillögum að fyrirkomulagi sem lúta að framtíðarskipulagi svæðisins. Einnig fór hann yfir frumdrög og grunnmynd að þjónustuhúsi sem gerir ráð fyrir salernisaðstöðu, sturtum og þvottaaðstöðu. Fundarmenn ræddu skipulagið og hugmyndir um þjónustuhús. Var sviðsstjóra falið að vinna áfram að málinu og kynna bæjarráði niðurstöður sínar síðar.
 - b. Viðgerðir á “gamla skóla” 2004.

Rolf kynnti þá frumvinnu sem átt hefur sér stað vegna fyrirhugaðra viðgerða á “gamla skóla” næsta vor. Sagði hann hugmyndirnar ganga út frá því að skólinn verði gerður upp sem næst sinni upprunalegu mynd. Fór hann yfir helstu atriði sem slík framkvæmd myndi hafa í för með sér, s.s. ný múrklæðning, endurnýjun þakjárns, endurnýjun glugga o.fl.



c. Umferðaröryggismál við íþróttahús / grunnskóla.

Rolf sýndi teikningar vegna möguleika á hringakstri við íþróttahús en þar skapast töluverð slyshætta á morgnana þegar börn eru á leið í skólann sökum þess hversu þröngt er á svæðinu, sbr. erindi skólustjóra sem tekið var til umfjöllunar á bæjarráðsfundi hinn 3. okt. sl. Lagði hann jafnframt fram kostnaðaráætlun vegna framkvæmdanna. Ákveðið að fresta ákvörðun um málið þar til á næsta fundi bæjarráðs.

2. Atvinnumál.

a. Bréf frá Ísgel ehf.

Í bréfi sínu þakka þær Fríða Pálmadóttir og Guðfinna Ingimarsdóttir, forsvarsmenn fyrirtækisins Ísgels þá velvild og höfðingsskap sem bæjaryfirvöld hafa sýnt vegna flutnings fyrirtækisins til Blönduóss. Jafnframt vilja þær koma á framfæri þakklæti til starfsmanna sveitarfélagsins, þeim Rolf Árnasyni og Matthíasi Imsland fyrir liðlegheit og fagleg vinnubrögð.

b. Fundur á Hólum – minnsblað frá bæjarstjóra.

Bæjarstjóri átti fund með Skúla Skúlasyni, skólameistara og Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur deildarstjóra ferðamálabrautar hinn 21. október sl. vegna hugsanlegs samstarf við Hólaskóla. Í minnsblaðinu eru viðráðar hugmyndir að samstarfi í tengslum við matvælabæinn Blönduós og ferðaþjónustu í héraði. Lagt fram til kynningar.

3. Vinnuhópur um uppbyggingu fjarnáms.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra þar sem minnt er á umræðu um að setja á laggirnar vinnuhóp sem hefur það að markmið að kanna með frekari uppbyggingu fjarnáms á Blönduósi.

Ágúst Þór Bragason lagði fram svohljóðandi tillögu:

“Undirritaður f.h. D-listans leggur til að skipaður verði starfshópur um menntamál á Blönduósi með þátttöku aðila úr menntakerfinu, atvinnulífinu og fulltrúum úr bæjarstjórn Blönduóssbæjar.

Hlutverk hans verði að komast að niðurstöðu um hvernig fjarnámi og símenntun verði best fyrir komið og með hvaða hætti stutt verði við slíkt nám. Jafnframt á starfshópurinn að leita leiða til þess að kanna með aðkomu stjórnvalda að stuðningi við slíkt nám á landsbyggðinni.

Starfshópnum verði einnig falið það hlutverk að skoða með víðtækari hætti aðra kosti og möguleika í menntamálum.

Starfshópurinn skili áfangaskýrslu fyrir 15. desember 2003 þannig að hægt sé að taka tillit til útfærslu á tillögunum við gerð fjárhagsáætlunar 2004. Gengið verði frá skipun fulltrúa í starfshópinn á næsta bæjarstjórnarfundi.” Ágúst Þór Bragason. Samþykkt samhljóða.



- 4. Erindi frá skólastjóra grunnskólans vegna leigu- og þjónustugjalda.**
Lagt fram til kynningar. Ákveðið að taka erindið til umfjöllunar á næsta bæjarráðsfundi.
- 5. Erindi frá formanni sóknarnefndar Blönduósskirkju.**
*Í erindi formannsins þakkar hann fyrir hönd sóknarnefndar framlag Blönduóssbæjar til kirkjunnar á árinu 2003, s.s. framlag við að fegra nánasta umhverfi gömlu og nýju kirkju.
Í bréfinu er þess einnig farið á leit við Blönduósbæ að felld verði niður fasteignagjöld fyrir árin 2002 og 2003. Bæjarráð fellst ekki á að fasteignagjöld vegna árána 2002 og 2003 verði felld niður.*
- 6. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2003.**
Ráðstefnan er haldin 5. – og 6. nóvember nk. Dagskrá ráðstefnunnar er lögð fram til kynningar.
- 7. Fundargerð fundar um skíðasvæðið í Tindastóli.**
Fundur var haldinn með fulltrúum Skagafjarðar, Blönduóss og Skagastrandar hinn 17. október sl. þar sem ræddir voru m.a. möguleikar á samvinnu sveitarfélaganna um skíðasvæðið. Ágúst Þór og Jóna Fanney sóttu fundinn. Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- 8. Fundargerð skólanefndar Fjölbrautarskóla NV.**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- 9. Fundargerð Héraðsráðs A-Hún frá 13. október 2003.**
Lögð fram til kynningar.
- 10. Beiðni um afskrift vegna dánarbús.**
Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi um afskriftir vegna dánarbúa að upphæð alls kr. 104.281,- Bæjarráð samþykkir að afskrifa opinber gjöld vegna dánarbúanna.
- 11. Umsögn vegna leyfis um til sölu gistingar og/eða veitinga.**
Anna Kr. Davíðsdóttir sækir um leyfi til sölu veitinga að Hnjúkabyggð 34, Blönduskála. Bæjarráð samþykkir erindið.
- 12. Önnur mál.**
 - a. Ágúst Þór bendir á að uppfæra þarf heimasíðu reglulegar og að ársreikninga 2002 vanti fyrir aðalsjóð og fyrirtæki.*

Fundargerð upplestin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:50.

Hjördís Blöndal (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)